| | |
|---|---|
| | steyptur veggur |
| | léttur veggur |
| lr | loftræsing |
| gnf | gólfniðurfall |
| þnf | þakniðurfall |
| vs | vatnssalerni |
| r | reykskynjari |
| hs | handslökkvitæki |
| b. op | björgunarop |



neðri hæð - 1:100

SAMÞYKKT
03 AUG. 2011
Byggingafulltrúi uppsv. Árnessýslu og Flóahr.

# Stapi 4 frh. byggingarlýsing

**Form og fyrirkomulag**

Norðurhluti húss er einnar hæðar, að hluta grafinn inn í Stapann og fyrirhugaður til líkamsræktar, með gufubaði og snyrtingu, en nýtist sem kajaka- eða bátageymsla að vetrarlagi. Suðurhlutinn er tveggja hæða og snýr móti suðvestri, með beina stefnu á Hrútey, perlu Úlfljótsvatns. Húshlutarnir eru tengdir með skjólvegg og léttu skyggni yfir hluta verandar. Á neðri hæð suðurhluta er stofa með eldhúsinnréttingu, svefnherbergi, baðherbergi og geymsla/þvottur. Svefnloft er á efri hæð og dýnugeymsla þar sem lægst er til lofts. Gangrými meðfram allri suðausturhlið er opið yfir báðar hæðir og veitir birtu inn í allt húsið. Milli gangs og stofu er 30 cm hæðarmismunur í gólfi og hefur stofurými því aukna lofthæð. Gluggalaus kjallari verður undir fremsta hluta eftir því sem jarðvegur leyfir, og fyllt að honum í framhaldi hæðardrags á lóð, með uppgreftri úr húsgrunni.

**Uppbygging, efni og litir**

**Undirstöður og gólfplötur:** Grafið er niður á fast og fyllt með þjappaðri grús. Sökklar, botnplötur, kjallaraveggir og gólf yfir kjallara eru staðsteypt og einangrað undir plötur og utan á kjallara. Gólf svefnlofts er uppbyggt með timburbitum sem hvíla á stálbita og steyptum vegg eftir endilöngu húsi. Gólf beggja hæða suðurhluta húss er að mestu klætt massífu parketi eða gólfborðum en flísalagt í votrýmum. Steypt gólf í norðurhluta verður vélslípað, en gólf lagnakjallara verður ómeðhöndlað eða sett á það flotefni. Gólfhiti verður í flestum rýmum hæða.

**Útveggir** norður- og vesturhliðar norðurhluta eru steinsteyptir, einangraðar að utan og síðan klæddar timbri. Þessir steyptu veggir eru jafnframt inngrafnir í Stapann og því stoðveggir. Báðir steyptu útveggirnir verða að innan lítið meðhöndlaðir, með sjónsteypuáferð. Allir aðrir útveggir húss eru með 2" x 6" burðargrind úr timbri með 62,5 cm millibili og 15 cm steinull milli stoða. Einangrun er útfærð skv. reglugerð um kólnun, hljóðvist og eldvörn. Utan á grind kemur 12 mm vatnsheldur krossviður með lektum 22x50 mm. Útveggir eru að utan klæddir lóðrétt, standandi, gegnheilli og viðhaldslítilli harðviðarklæðningu. Innan á grind kemur rakavarnarlag, síðan lagna- og afréttingargrind klædd timbri eða krossviðsplötum a.m.k. 9 mm þykkum.

**Innveggir** eru úr timbri, nema steyptur veggur undir svefnlofti í suðurhluta húss, sem stífar húsið. Aðrir innveggir eru byggðir upp með timburstoðum c/c 62,5 cm, klæddir timbri, krossviðsplötum eða gifsi eftir aðstæðum og einangraðir með steinull þannig að ákvæðum reglugerðar um hljóðvist sé fullnægt.

**Þak** er hefðbundið sperruþak 2" x 9" með 62,5 cm millibili og einangrað með 20 cm þakull milli sperra. Loftaklæðning er í flokki 1. Ofan á sperrur er klætt með borðaklæðningu eða vatnsheldum krossviði, og tvöföldum glertrefjastyrktum þakpappa sem límdur er saman á samskeytum, eða þakdúk. Ofan á kemur takkadúkur og tvöfalt lag af torfi, þar sem grassvörðurinn snýr niður á neðra lagi en upp á því efra. Mosa og öðrum náttúrulegum gróðri svæðisins verður komið fyrir í efra lagi svo byggingin falli sem best að umhverfi sínu.

**Gluggar** verða úr tré eða áli, með tvöföldu k-gleri.

**Hurðir** út eru flestar tvöfaldar og a.m.k. 90 cm að breidd en hurðir inni eru a.m.k. 80x210-230 cm.

**Litir:** Reiknað er með að timburklæddir útveggir verði allir í sama jarðtóna lit en gluggakarmar verði dekkri og þak með grasi.


**Vinnustofan Þverá ehf**

Skólavörðustíg 12 • 101 Reykjavík • sími 5514060 • fax 5614060 • arkverk.is


## Stapi 4, sumarhús við Úlfljótsvatn

Grímsnes- og Grafningshreppi

| | | | |
|---|---|---|---|
| teikning: | grunnmynd neðri hæðar | | |
| hannað: | VB | verknr.: | 1.146 |
| teiknað: | ML, RR | kvarði: | 1:100 (A2) |
| breytt: | 28. júní 2011 | dags.: | 06. júní 2011 |
| yfirfarið: | Valdís Bjarnadóttir arkitekt FAÍ, FSSA | | |
| tölvuskrá: | Stapi 4 sumarhús adalteikningar.mod | blaðnr.: | **1.02** |

0 1 2 3 4 5 m